

L Ö G

um breyting á lögum um ættaróðal og erfðaábúð, nr. 116 30. des. 1943.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 24. gr. laganna komi ný grein, sem verður 24. gr. a, svofelld:

Við ákvörðun á búshluta maka og erfðahlutum erfingja skal telja óðal á því verði, sem viðtakanda þess ber að gjalda fyrir það samkvæmt 5. gr.

Ákvæði erfðalaga um skylduvarf eru því ekki til fyrirstöðu, að óðalsbóndi ráðstafi óðali til eins erfingja samkvæmt því, sem nánar greinir í þessum kafla, en andvirði óðalsins samkvæmt 5. gr. rennur í búíð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 15. marz 1962.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.